

Leiðbeiningar um meðferð við lifrabólgu C með sofosbuvir/velpatasvir (Epclusa[®]) og sofosbuvir/velpatasvir/voxilaprevir (Vosevi[®])

Ábending

Íhuga skal lyfjameðferð hjá öllum sem greinast með lifrabólgu C. Greining á smiti byggir á jákvæðu PCR prófi fyrir lifrabólguveiru C.

Ávísun

Einungis smitsjúkdómalæknar, fíknlæknar og meltingarlæknar (lifrarlæknar) með reynslu af meðferð sjúklinga með lifrabólgu C geta ávísað lyfjunum. Mikilvægt er að gæta að milliverkunum við önnur lyf.

Skammtar og meðferðarlengd

Epclusa[®]

Fyrsta meðferð fyrir allar arfgerðir lifrabólguveiru C er með Epclusa[®].

Ráðlagður skammtur fyrir fullorðna (18 ára og eldri) er ein 400 mg/100 mg tafla einu sinni á dag.

Tafla 1: Ráðlögð meðferð og meðferðarlengd fyrir fullorðna óháð HCV arfgerð

	Meðferð	Lengd meðferðar
Sjúklingar án skorpulifrar og sjúklingar með tempraða (compensated) skorpulifur	Epclusa [®] Íhuga að bæta við ríbavíríni hjá sjúklingum með arfgerð 3 og tempraða skorpulifur	12 vikur
Sjúklingar með vantempraða (decompensated) skorpulifur	Epclusa [®] + ríbavírín (a)	12 vikur (24 vikur ef ekki ríbavírín)

a. Skammtastærð ríbavíríns byggist á líkamsþyngd og ástandi lifrar, sjá „Samantekt á eiginleikum lyfs“ fyrir Epclusa.

Ráðlagður skammtur af Epclusa handa sjúklingum sem eru á aldrinum 6 ára til < 18 ára og vega að minnsta kosti 17 kg er byggður á líkamsþyngd (>30kg; 400 mg/100 mg tafla einu sinni á dag; 17-30 kg; ein 200 mg/50 mg tafla einu sinni á dag). Meðferðarlengd er 12 vikur.

Vosevi®

Vosevi® er notað ef ekki fæst svörun (varanleg veirusvörun; „sustained virological response“) eftir meðferð með Epclusa.

Ráðlagður skammtur fyrir sjúklinga 12 ára og eldri með líkamsþyngd a.m.k. 30 kg er ein 400 mg/100 mg/100 mg tafla einu sinni á dag. Meðferðarlengd er 12 vikur fyrir sjúklinga sem eru ekki með skorpulifur eða með tempraða skorpulifur. Vosevi® er ekki ætlað til notkunar hjá sjúklingum með vantempraða (decompensated) skorpulifur.

Mat fyrir meðferð

Við upphaf meðferðar skal að jafnaði mæla blóðhag, kreatínín, ALAT, ASAT, bílirúbín, albúmín, INR lifur, HCV RNA (PCR), HCV arfgerð, HBsAg, anti-HBc og HIV mótefni.

Pungunarpróf skal gert hjá konum á barneignaraldri. Fibroscan® (hepatic elastography) til að meta örmyndun í lifur er gert samkvæmt mati meðhöndlandi lækni.

Eftirfylgni

Í lok meðferðar og 12 vikum eða meira eftir að meðferð lýkur er mælt HCV RNA (PCR). Ef HCV RNA er ekki mælanlegt 12 vikum eða meira eftir lok meðferðar telst sjúklingur læknaður (“sustained virological response”; varanleg veirusvörun). Sjúklingar með skorpulifur og sjúklingar sem jafnframt eru meðhöndlaðir með ríbavíríni þurfa þéttari blóðprufur og eftirlit á meðan á meðferð stendur. Þörf á blóðprufum og sérstöku eftirliti á meðan meðferð á stendur er metin af meðhöndlandi lækni. Sjúklingar með skorpulifur þurfa áfram reglulegt eftirlit á 6 mánaða fresti hvort sem lyfjameðferð ber árangur eða ekki.

Desember 2021

Sigurður Ólafsson MD, FACP